

Héraðsnefnd Rangæinga

Fundargerð

6. fundur Héraðsnefndar Rangæinga kjörtímabilið 2014 til 2018 haldinn á Hótel Rangá fimmtudaginn 1. desember 2016 kl: 13,00.

Mætt: Egill Sigurðsson, Þorgils Torfi Jónsson, Lilja Einarsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristín Þórðardóttir, Ágúst Sigurðsson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir og Guðmundur Einarsson sem ritaði fundargerð. Sverrir Magnússon framkvæmdastjóri Byggðasafnsins í Skógum og Sigríður Aðalsteinsdóttir skólastjóri Tónlistarskóla Rangæinga voru gestir á fundinum undir liðunum fjárhagsáætlanir Skógasafns og Tónlistarskóla Rangæinga.

Dagskrá.

1. Fundarsetning.

Formaður Héraðsnefndar Rangæinga, Egill Sigurðsson setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið.

2. Fjárhagsáætlanir 2016.

2.1. Tónlistarskóli Rangæinga. Sigríður Aðalsteinsdóttir skólastjóri kynnti fjárhagsáætlunina og starfsemi skólans. Gert er ráð fyrir tekjum að fjárhæð kr. 112.792 þús og veltufé í árslok að fjárhæð kr. 18.337 þús. Fjárhagsáætlunin var samþykkt samhljóða. Héraðsnefnd þakkar Sigríði fyrir greinargóða kynningu og gott starf á þágu Tónlistarskólans.

2.2. Skógasafn. Sverrir Magnússon framkvæmdastjóri kynnti fjárhagsáætluna og starfsemi safnsins. Gert er ráð fyrir tekjum að fjárhæð kr. 173.750 þús og rekstrarhagnaði að fjárhæð kr. 4.988 þús. Fjárhagsáætlunin var samþykkt samhljóða. Héraðsnefnd þakkar Sverri fyrir greinargóða kynningu og gott starf í þágu safnsins.

2.3. Héraðsnefnd Rangæinga. Gert er ráð fyrir tekjum að fjárhæð kr. 41.450 þús og veltufé í árslok að fjárhæð kr 1.000 þús. Fjárhagsáætlunin var samþykkt samhljóða. Héraðsráði var falið að móta starfsreglur um með hvaða hætti framlögum til menningarmála verður varið í framtíðinni.

3. Tónlistarskóli Rangæinga.

Héraðsnefnd leggur til að Tónlistarskóla Rangæinga verði breytt í byggðasamlag. Lögð var fram til tillaga að samþykkt fyrir samlagið, sem samþykkt var samhljóða með framkomnum breytingum. Gert er ráð fyrir að samlagið taki til starfa frá og með 1.

janúar 2017. Óskað er eftir að aðildarsveitarfélögin tilnefni stjórnarmenn í byggðasamlagið í samræmi við nýja samþykkt.

4. Innsend erindi.

4.1. Erindi frá Félagi eldri borgara í Rangárvallasýslu, þar sem óskað er eftir fjárframlagi að fjárhæð kr. 4.840.000 til félagsstarfs eldri borgara á árinu 2017. Með staðfestingu fjárhagsáæltunar fyrir árið 2017 var samþykkt að veita kr. 4.620.000 til þessa málaflokks.

4.2. Erindi frá Sjálfseignarstofnuninni „Gamli bærinn í Múlakoti“, þar sem óskað er eftir fjárframlagi á árinu 2017 að fjárhæð kr. 1.500.000 til áframhaldandi uppbyggingu bæjarins. Afgreiðslu erindis frestað þar til Héraðsnefnd hefur mótað reglur um styrki til menningarmála.

4.3. Erindi frá Smára Ólasyni, þar sem hann ítrekar beiðni sína um að lokið verið við að afmarka lóðir undir sumarhús hans og sumarhús Margrétar Bárðardóttur. Anton Kári Halldórsson skipulagsfulltrúi Rangárþings eystra mætti til fundarins og fór yfir deiliskipulag á svæðinu. Fram kom að nefndar lóðir eru ekki inni í deiliskipulagi í dag. Formanni falið að ræða við Héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu um hugmyndir sem fram komu á fundinum til lausnar á máli þessu.

4.4. Erindi frá Kára Rafni Þorbergssyni, þar sem hann fyrir hönd fjölskyldu Guðrúnar Erlu Þorbergsdóttur, óskar eftir að fá úthlutað lóð í Skógum undir hesthús, er þar stendur og var í eigu Alberts Jóhannssonar. Fram kom hjá Antoni Kára að umrædd lóð er ekki til í gildandi deiliskipulagi. Erindinu vísað til sameiginlegs fundar með Héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu.

5. Málefni Skóga.

5.1. Formanni falið að ræða við Héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslum um framtíðarfyrirkomulag á lóðamálum í þéttbýlinu í Skógum

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 16,45

Guðmundur Einarsson fundarritari.